

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1018****2015/EES/74/70****frá 29. júní 2015****um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsskyldu sem falla undir tilkynningarskyldu
samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsskyldu sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 376/2014 á að koma á fót tilkynningakerfi í fyrirtækjum, aðildarríkjum og á vettvangi Sambandsins fyrir atvik í því skyni að tilkynna, safna, geyma, vernda, miðla, dreifa, greina og fylgja eftir viðeigandi upplýsingum um öryggi í almenningsskyldu. Að auki er þar kveðið á um reglur sem takmarka notkun upplýsinganna, sem er safnað, við það að bæta flugöryggi og vernda með viðeigandi hætti tilkynnanda og aðra aðila, sem nefndir eru í tilkynningum um atvik, í því skyni að tryggja að öryggisupplýsingar séu ávallt tiltækar. Reglugerð (ESB) nr. 376/2014 gildir um öll loftför sem í henni eru skilgreind og sem falla undir þá reglugerð, þ.m.t. mönnuð loftför og fjarstýrð loftfarskerfi.
- 2) Samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 skal framkvæmdastjórnin samþykkja skrá þar sem atvik eru flokkuð og sem vísa skal í þegar atvik eru tilkynnt, í samræmi við kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar, sem sett eru fram í þeirri reglugerð og sem falla undir flokkana í 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar. Í annarri skrá ætti, í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014, að flokka atvik, sem eiga við um loftför önnur en flókin, vélknúin loftför. Þessa skrá ætti, eftir því sem við á, að aðlaga að séreinkennum fluggeirans.
- 3) Tilkynningarskyldum atvikum, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 376/2014, var skipt í flokka til að gera þeim einstaklingum sem tilnefndir eru í þeirri reglugerð kleift að auðkenna þau tilkynningarskyldu atvik sem hverjum þeirra ber að tilkynna um. Í samræmi við það markmið ætti að skipta skránni yfir atvik upp miðað við flokkana sem tilkynnendur eiga að vísa til, samkvæmt stöðu þeirra, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 376/2014.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skyv. 65. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 ⁽²⁾.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 276/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsskyldu og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ítarleg flokkun atvika, sem vísa á til þegar tilkynnt er um atvik með því að nota kerfi fyrir skyldubundnar tilkynningar, skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 376/2014, er sett fram í I.–V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 15. nóvember 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

*I. VIÐAUKI***ATVIK SEM TENGJAST STARFRÆKSLU LOFTFARSINS**

Athugasemd: Þessi viðauki er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1. FLUGREKSTUR**1.1. Undirbúningur flugs**

- 1) Notkun rangra gagna eða færsla rangra upplýsinga í búnað, sem notaður er til leiðsögu eða fyrir útreikning á afkastagetu, sem hefur stofnað í hættu eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Flutningur eða tilraun til flutnings á hættulegum farmi sem brýtur í bága við gildandi löggjöf, þ.m.t. rangar merkingar, pökkun og meðhöndlun hættulegs farms.

1.2. Undirbúningur loftfars

- 1) Röng tegund eldsneytis eða mengað eldsneyti.
- 2) Afísing/ísingarvörn ekki til staðar, röng eða ófullnægjandi.

1.3. Flugtak og landing

- 1) Farið út fyrir akbraut eða flugbraut.
- 2) Raunverulegur eða hugsanlegur átroðningur inn á akbraut eða flugbraut.
- 3) Átroðningur inn á lokaaðflugs- og flugtakssvæði.
- 4) Hætt við flugtak.
- 5) Ekki reynist unnt að ná tilætluðum eða fyrirhuguðum afköstum í flugtaki, þegar hætt er við landingu eða í landingu.
- 6) Raunverulegt flugtak, aðflug eða landing eða tilraun til flugtaks, aðflugs eða landingar, með rangan flugham.
- 7) Högg á stél, skráfublað/vængenda eða hreyfilhús við flugtak eða landingu.
- 8) Aðflugi haldið áfram með hliðsjón af viðmiðunum flugrekanda um stöðugt aðflug.
- 9) Blindaðflugi haldið áfram niður fyrir birt lágmörk án þess að nauðsynleg kennileiti sjáist.
- 10) Landing í varúðarskyni eða nauðlanding.
- 11) Stutt og löng landing.
- 12) Harkaleg landing.

1.4. Öll stig flugs

- 1) Loftfarið verður stjórnlaust.
- 2) Ójafnvægi í flugstillingum loftfars þar sem loftfarið fer yfir venjulegt kinkhorf, beygjuhalla eða lofthraða, sem hentar ekki aðstæðum.
- 3) Frávik frá flughæð (e. *level bust*).
- 4) Virkjun hvers konar fluggrammavarnar, þ.m.t. ofrisvara, stýrisstangarhristara, stýrisýtu og sjálfvirkrar varnar.
- 5) Óviljandi frávik frá áætluðum eða úthlutuðum ferli sem annaðhvort nemur lágsta gildi af tvöfaldri tilskilinni nákvæmni í flugleiðsögu eða 10 sjómílum.
- 6) Farið yfir þau mörk sem tilgreind eru í flughandbókinni.

- 7) Starfræksla með rangri stillingu hæðarmælis.
- 8) Atvik þar sem útblástur þotuhreyfils, niðurstreymi frá þyrli eða skrufuröst hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 9) Mistúlkun á sjálfstýringarham eða einhverjum upplýsingum úr stjórnklefa, sem flugliðum eru veittar og hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

1.5. Önnur atvik

- 1) Óviljandi losun farms eða annars ytri búnaðar.
- 2) Næmi á aðstæður tapast (þ.m.t. næmi á umhverfi, ham og kerfi, ruglingur vegna rúms og tíma).
- 3) Öll atvik þar sem mannleg frammistaða hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

2. TÆKNILEG ATVIK

2.1. Burðarvirki og kerfi

- 1) Hlutar burðarvirkis loftfars tapast í flugi.
- 2) Bilun kerfis.
- 3) Aukageta kerfis tapast.
- 4) Leki vökva sem hafði í för með sér eldhættu eða mögulega hættulega mengun í burðarvirki loftfars, kerfum eða búnaði loftfarsins eða sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 5) Bilun eða galli í eldsneytiskerfinu, sem hefur haft áhrif á eldsneytisskömmun og/eða dreifingu eldsneytis.
- 6) Truflun eða galli í viðvörunarkerfi þegar það leiðir til þess að áhöfninni berst villandi viðvaranir.
- 7) Óeðlileg virkni stjórnækja, t.d. ósamhverf eða föst stjórnækja (t.d. búnaður sem stýrir lyftikrafti (flöpum/raufungum), viðnámi (lyftispillum) eða horfi loftfars (hallastýrum, hæðarstýrum, hliðarstýrum)).

2.2. Knúningsafl (þ.m.t. hreyflar, loftskráfur og þyrilkerfi) og aukaafstöðvar (APU)

- 1) Bilun eða umtalsverðar gangtruflanir í einhverjum hluta eða stýringu loftskráfu, þyrils eða fullbúins hreyfils.
- 2) Tjón eða bilun á aðal-/stélþyrli eða aflskiptingu og/eða sambærilegum kerfum.
- 3) Hreyfilslokknun, stöðvun hreyfils eða aukaafstöðvar, ef hennar er krafist, meðan á flugi stendur (t.d. í tengslum við fjarflug tveggja hreyfla flugvéla (ETOPS), listi yfir lágmarksbúnað (MEL)).
- 4) Farið yfir starfrækslumörk hreyfils, þ.m.t. yfirhraði eða þegar ekki er hægt að stjórna hraða háhraðasúningsíhlutar (t.d. aukaafstöðvar, loftræsítækis, lofthringrásartækis, lofthverfihreyfils, loftskráfu eða þyrils).
- 5) Bilun eða gangtruflanir í einhverjum hluta hreyfils, fullbúins hreyfils, aukaafstöðvar eða aflskiptingar, sem leiðir til eins eða fleiri eftirfarandi atvika:
 - a) knývendikerfi starfar ekki eins og til er ætlast,
 - b) ekki er hægt að hafa stjórn á hreyfilkrafti, kný eða snún./mín. (snúningar á mínútu),
 - c) íhlutir og brak losna.

3. SAMSKIPTI VIÐ FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU OG REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR

- 1) Ótrygg flugheimild.
- 2) Langvarandi fjarþrofanir við flugumferðarþjónustu eða deildir rekstrarstjórnunar flugumferðar.
- 3) Misvísandi fyrirmæli frá mismunandi flugumferðarþjónustudeildum sem mögulega leiða til aðskilnaðarmissis.

- 4) Mistúlkun á þráðlausum fjarskiptum sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 5) Vikið frá fyrirmælum flugumferðarstjórnar af ásetningi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

4. NEYÐARÁSTAND OG AÐRAR HÆTTULEGAR AÐSTÆÐUR

- 1) Atburður sem veldur því að lýst er yfir neyðarástandi (með útsendingu neyðarkalls („Mayday“) eða áriðandi öryggiskalls („PAN“)).
- 2) Bruni, bráðnun, reykur, eittraðar lofttegundir, neistahlaup, ofhitun, eldur eða sprenging.
- 3) Mengað loft í stjórnklefa eða farþegarými, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 4) Flugliðar eða öryggis- og þjónustuliðar beita ekki réttum verklagsreglum við óvenjulegar aðstæður eða þegar neyðarástand skapast.
- 5) Notkun neyðarbúnaðar eða verklagsreglna við óvenjulegar aðstæður sem hafa áhrif á afköst í flugi eða við landingu.
- 6) Bilun í neyðar- eða björgunarkerfi eða -búnaði sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 7) Óviðráðanlegur þrýstingur í farþegarými.
- 8) Hættulega lítið eldsneytismagn eða eldsneytismagn á ákvörðunarstað er minna en nauðsynlegt neyðareldsneyti.
- 9) Hvers konar aðstæður þar sem áhöfnin notar súrefniskerfi.
- 10) Óstarfhæfni einhvers flugliða eða öryggis- og þjónustuliða sem hefur í för með sér að krafan um skráðan lágmarksfjölda í áhöfn er ekki uppfyllt.
- 11) Þreyta áhafnar hefur áhrif eða gæti hugsanlega haft áhrif á getu hennar til að sinna skyldum sínum með öruggum hætti.

5. YTRA UMHVERFI OG VEÐUR

- 1) Árekstur eða hættu á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ⁽³⁾.
- 2) Ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi (ACAS RA).
- 3) Réttmæt virkjun „viðvörðunarkerfis“ til að koma í veg fyrir árekstur við jörð, t.d. jarðvarakerfi (GPWS) eða landslagsgreiningarkerfi (TAWS).
- 4) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. árekstur við fugl.
- 5) Skemmdir af völdum aðskotahluta/braks.
- 6) Ófyrirséð, lélegt ástand yfirborðs flugbrautar.
- 7) Flugröst.
- 8) Loftfarið truflað með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegu.
- 9) Elding sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að loftfarskerfi tapast eða bilar.
- 10) Haglél sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að loftfarskerfi tapast eða bilar.
- 11) Flugatvik í mikilli ókyrrð eða þegar þeir sem eru um borð í loftfarinu verða fyrir áverkum eða þegar talið er nauðsynlegt að skoða loftfar eftir slíkt flug (e. *turbulence check*).
- 12) Umtalsverð vindhvörf eða þrumuveður, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

⁽³⁾ Ökutæki telst vera hindrun.

- 13) Ísing sem veldur því að erfitt reynist að stjórna loftfarinu, það verður fyrir tjóni eða loftfarskerfi tapast eða bilar.
 - 14) Gosaska.
6. VERND
- 1) Sprengjuhótun eða flugrán.
 - 2) Erfiðleikar við að hafa stjórn á ölvuðum, ofsafengnum eða óviðráðanlegum farþegum.
 - 3) Laumfarþegi finnst.
- _____

II. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST TÆKNILEGUM SKILYRÐUM, VIÐHALDI OG VIÐGERÐUM Á LOFTFÖRUM

1. FRAMLEIÐSLA

Framleiðsluvörur, hlutar eða búnaður frá framleiðslufyrirtækinu sem vikur þannig frá viðeigandi hönnunargögnum að hann getur haft í för með sér hugsanlegt ótryggt ástand, eins og handhafi tegundarvottorðsins eða hönnunarsamþykkis skilgreinir.

2. HÖNNUN

Bilun, ólag, galli eða önnur atvik sem tengjast framleiðsluvöru, hluta eða búnaði, sem hefur leitt til eða getur leitt til ótryggs ástands.

Athugasemd: Þessi skrá gildir um atvik sem hafa áhrif á framleiðsluvöru, hluta eða búnað, sem fellur undir tegundarvottorð, takmarkað tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, ETSO-heimild, samþykki fyrir hönnun meiriháttar viðgerðar eða önnur viðeigandi samþykki sem talið er að hafi verið gefin út samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 748/2012⁽⁴⁾.

3. VIÐHALD OG STJÓRNUN ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFIS

- 1) Alvarlegt tjón á burðarvirki (t.d. sprungur, varanleg aflögun, laglosun, uppleysing, bruni, mjög mikið slit eða tæring) kemur í ljós við viðhald loftfarsins eða ihlutarins.
- 2) Alvarlegur leki eða mengun vegna vökva (t.d. glussa, eldsneytis, olíu, gass eða annarra vökva).
- 3) Bilun eða gangtruflanir í einhverjum hluta hreyfils eða fullbúins hreyfils og/eða aflskiptingu sem hefur í för með sér eitt eða fleiri eftirfarandi atvik:
 - a) íhlutir og brak losna,
 - b) bilun í hreyfilfestingum.
- 4) Tjón, bilun eða galli í loftskráfum, sem kann að leiða til þess að loftskráfan eða einhver stór hluti af loftskráfunni skiljist frá í flugi og/eða að ólag verði í stýringu loftskráfunnar.
- 5) Tjón, bilun eða galli á gírkassa aðalþyrilsins og festingum hans sem kann að leiða til þess að þyrileiningin skiljist frá í flugi og/eða að ólag verði í þyrilstýringunni.
- 6) Alvarleg bilun í kerfum eða búnaði sem er mikilvægur varðandi öryggi, þ.m.t. í neyðarkerfi eða búnaði sem notaður er til prófunar við viðhald, eða ekki tekst að virkja þessi kerfi eftir viðhald.
- 7) Röng samsetning eða uppsetning ihluta loftfarsins sem kemur í ljós við skoðun eða prófun sem ekki er gert ráð fyrir í þessum sérstaka tilgangi.
- 8) Rangt mat á alvarlegum galla eða alvarlegar vanefndir á því að lista yfir lágmarksbúnað og verklagsreglum fyrir tæknilega leiðarflugbók sé fylgt.
- 9) Alvarlegt tjón á raflagnasamtengikerfi (EWIS).
- 10) Galli í mikilvægum hluta, sem hefur takmarkaðan endingartíma, sem verður til þess að honum er skipt út áður en endingartíminn er liðinn.
- 11) Notkun framleiðsluvara, ihluta eða efnis af óþekktum eða grunsamlegum uppruna eða ónothæfir mikilvægir íhlutir.
- 12) Misvisandi, röng eða ófullnægjandi viðeigandi viðhaldsgögn eða verklagsreglur vegna viðhalds sem gætu haft í för með sér alvarleg viðhaldsmistök, þ.m.t. í tengslum við tungumál.
- 13) Ófullnægjandi eftirlit með eða röng beiting viðhaldstakmarkana eða reglubundins viðhalds loftfara.
- 14) Afhending loftfars að loknu viðhaldi þegar allar kröfur hafa ekki verið uppfylltar sem stofnar flugöryggi í hættu.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtíð. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

- 15) Alvarlegar skemmdir á loftfari meðan á viðhaldi stendur vegna rangs viðhalds eða notkunar á óhentugum eða ónothæfum þjónustubúnaði á jörðu niðri sem krefst frekari viðhaldsaðgerða.
 - 16) Atvik, sem tengjast bruna, bráðnun, reyk, neistahlaupi, ofhitun eða eldi, koma í ljós.
 - 17) Öll atvik þar sem mannleg geta, þ.m.t. þreyta starfsfólks, hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.
 - 18) Umtalsverð bilun, vandamál tengd áreiðanleika eða endurtekin vandamál tengd upptökugæðum sem hefur áhrif á flugritakerfi (t.d. ferðritakerfi, skráningarkerfi fyrir gagnatengingar eða hljóðritakerfi) eða skortur á upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að tryggja starfhæfi flugritakerfis.
-

III. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST FLUGLEIÐSÖGUBJÓNUSTU OG -VIRKJUM

Athugasemd: Þessi viðauki er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningar þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1. ATVIK SEM TENGJAST LOFTFÖRUM

- 1) Árekstur eða hættu á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, á milli tveggja loftfara, jörð eða hindrun ⁽⁵⁾, þ.m.t. það að fljúga næstum því í jörð undir fullri stjórn (næstum CFIT).
- 2) Lágmarksaðskilnaði er ekki haldið ⁽⁶⁾.
- 3) Ófullnægjandi aðskilnaður ⁽⁷⁾.
- 4) Ráðleggingar frá árekstrarvarakerfi (ACAS RA).
- 5) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. árekstur við fugl.
- 6) Farið út fyrir akbraut eða flugbraut.
- 7) Raunverulegur eða hugsanlegur átroðningur inn á akbraut eða flugbraut.
- 8) Átroðningur inn á lokaaðflugs- og flugtakssvæði.
- 9) Frávik loftfars frá flugheimild flugumferðarstjórnar.
- 10) Frávik loftfars frá gildandi reglum rekstrarstjórnunar flugumferðar:
 - a) frávik loftfars frá gildandi, birtum verklagsreglum rekstrarstjórnunar flugumferðar,
 - b) loftrýmisátroðningur, þ.m.t. þegar flogið er inn í loftrými án heimildar,
 - c) frávik frá gildandi reglum um búnað um borð í loftfari og starfrækslu hans í tengslum við rekstrarstjórnun flugumferðar.
- 11) Atvik sem tengjast misskilningi í tengslum við kallmerki.

2. SKERÐING EÐA ALGJÖRT TAP Á ÞJÓNUSTU EÐA STARFSEMI

- 1) Ekki reynist unnt að veita þjónustu eða sinna starfsemi á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar:
 - a) ekki reynist unnt að veita flugumferðarþjónustu eða sinna starfsemi á sviði flugumferðarþjónustu,
 - b) ekki reynist unnt að veita þjónustu eða sinna starfsemi á sviði stjórnunar loftrýma,
 - c) ekki reynist unnt að veita þjónustu eða sinna starfsemi á sviði flæðis- og afkastagetustýringar flugumferðar.
- 2) Upplýsingar frá stuðningsþjónustu ⁽⁸⁾ eru ekki til staðar eða þær eru að mjög miklu leyti rangar, spilltar, ófullnægjandi eða misvísandi, þ.m.t. í tengslum við slæm skilyrði á yfirborði flugbrautar.
- 3) Brestur í fjarskiptaþjónustu.
- 4) Brestur í kögunarþjónustu.

⁽⁵⁾ Ökutæki telst vera hindrun.

⁽⁶⁾ Þetta vísar til aðstæðna þar sem tilgreindum lágmarksaðskilnaði var ekki haldið á milli loftfara eða á milli loftfars og loftrýmis, sem tilgreindur lágmarksaðskilnaður á við um.

⁽⁷⁾ Þegar ekki er mælt fyrir um lágmarksaðskilnað, þá aðstæður þar sem talið var að loftför færu of nálægt hvert öðru þannig að flugmenn gætu ekki tryggt öruggan aðskilnað.

⁽⁸⁾ Til dæmis: flugumferðarþjónusta, sjálfvirk flugvallarútvarp, veðurþjónusta, flugleiðsögugagnabanki, landabréf, kort, upplýsingaþjónusta flugmála, handbækur.

- 5) Brestur í gagnavinnslu- og dreifibúnaði eða -þjónustu.
- 6) Brestur í leiðsöguþjónustu.
- 7) Brestur í vernd kerfa rekstrarstjórnunar flugumferðar, sem hefur eða kann að hafa bein neikvæð áhrif á örugga veitingu þjónustu.
- 8) Umtalsvert yfirálag innan svæðis eða í vinnustöðu flugumferðarþjónustu sem leiðir til hugsanlegrar hnignunar á veitingu þjónustu.
- 9) Röng móttaka eða túlkun á mikilvægum fjarskiptum, þ.m.t. skortur á skilningi tungumálsins, sem er notað, þegar þetta hefur eða kann að hafa bein neikvæð áhrif á örugga veitingu þjónustu.
- 10) Langvarandi fjarskiptarof við loftfar eða aðra flugumferðarþjónustudeild.

3. ÖNNUR ATVIK

- 1) Lýst er yfir neyðarástandi með útsendingu neyðarkalls („Mayday“ eða „PAN“).
- 2) Marktæk ytri truflun á flugleiðsöguþjónustu (t.d. útvarpsstöðvar sem senda á FM-tíðnibandi og trufla þannig blindlendingarkerfi (ILS), fjölstefnuvita (VOR) og fjarskipti).
- 3) Truflun loftfars, flugumferðarþjónustudeildar eða þráðlausrar fjarskiptasendingar, þ.m.t. með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum frá leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.
- 4) Losun eldsneytis.
- 5) Sprengjuhótun eða flugrán.
- 6) Þreyta hefur áhrif eða hefur hugsanlega áhrif á getu til að sinna skyldum vegna flugleiðsögu eða flugumferðar með öruggum hætti.
- 7) Öll atvik þar sem mannleg geta hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

IV. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST FLUGVÖLLUM OG ÞJÓNUSTU Á JÖRÐU NIÐRI

1. ÖRYGGISSTJÓRNUN FLUGVALLAR

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1.1. Atvik sem tengjast loftförum og hindrunum

- 1) Árekstur eða hættu á árekstri, á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ⁽⁹⁾.
- 2) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. árekstur við fugl.
- 3) Farið út fyrir akbraut eða flugbraut.
- 4) Raunverulegur eða hugsanlegur átroðningur inn á akbraut eða flugbraut.
- 5) Átroðningur inn á eða út af lokaaðflugs- og flugtakssvæði.
- 6) Heimildum, leiðbeiningum eða takmörkunum er ekki fylgt við starfrækslu/akstur loftfars/ökutækis á athafnasvæði flugvallar (t.d. röng flugbraut, akbraut eða sá hluti flugvallar sem er háður aðgangstakmörkunum).
- 7) Aðskotahlatur á athafnasvæði flugvallar, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 8) Hindranir á flugvellinum eða í nágrenni flugvallarins, sem eru ekki birtar í flugmálalagabókinni eða í tilkynningum til flugmanna (NOTAM) og/eða sem eru ekki merktar eða lýstar upp á tilhlýðilegan hátt.
- 9) Truflun af völdum ökutækis, búnaðar eða einstaklings við ýtingu (e. *push-back*), ýtingu með vélarafli (e. *power-back*) eða akstur.
- 10) Farþegar eða einstaklingar á hlaði án eftirlits.
- 11) Áhrif vegna útblásturs þotuhreyfils, niðurstreymis frá þyrli eða skrúfurastar.
- 12) Neyðarástandi lýst yfir með útsendingu neyðarkalls („Mayday“ eða „PAN“).

1.2. Skerðing eða algjört tap á þjónustu eða starfsemi

- 1) Rof eða brestur í fjarskiptum á milli:
 - a) flugvallar, ökutækis eða annars starfsfólks á jörðu niðri og flugumferðarþjónustudeildar eða hlaðstjórnunarþjónustudeildar,
 - b) hlaðstjórnunarþjónustudeildar og loftfars, ökutækis eða flugumferðarþjónustudeildar.
- 2) Veruleg bilun, ólag eða galli í flugvallarbúnaði eða -kerfi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu eða farþegum þess í hættu.
- 3) Verulegir annmarkar á lýsingu, merkingum eða skiltum á flugvelli.
- 4) Bilun í neyðarviðvörðunarkerfi flugvallar.
- 5) Þjónusta vegna björgunar- og slökkvistarfa ekki tiltæk í samræmi við gildandi kröfur.

⁽⁹⁾ Ökutæki telst vera hindrun.

1.3. Önnur atvik

- 1) Eldur, reykur, sprengingar í flugvallarvirkjum, í nágrenni flugvallarins og í flugvallarbúnaði sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Atvik sem tengjast öryggi flugvallar (t.d. ólögleg koma, skemmdarverk, sprengjuhótun).
- 3) Ekki tilkynnt um umtalsverðar breytingar á rekstrarskilyrðum flugvallar, sem hafa eða gætu hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 4) Afþing/ísingarvörn ekki til staðar, röng eða ófullnægjandi.
- 5) Umtalsverður leki við áfyllingu eldsneytis.
- 6) Áfylling mengaðrar eða rangrar eldsneytistegundar eða annarra mikilvægra vökva (þ.m.t. súrefnis, köfnunarefnis, olíu og drykkjarhæfs vatns).
- 7) Vanræksla við að bregðast við lélegu ástandi yfirborðs flugbrautar.
- 8) Öll atvik þar sem mannleg geta hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

2. AFGREIÐSLA LOFTFARS Á JÖRÐU NIÐRI

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

2.1. Atvik sem tengjast loftförum og flugvöllum

- 1) Árekstur eða hætta á árekstri, á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ⁽¹⁰⁾.
- 2) Átroðningur á flugbraut eða akbraut.
- 3) Farið út fyrir flugbraut eða akbraut.
- 4) Umtalsverð mengun á burðarvirki loftfars, kerfum og búnaði sem stafar af flutningi farangurs, póstis eða farms.
- 5) Truflun af völdum ökutækis, búnaðar eða einstaklings við ýtingu (e. *push-back*), ýtingu með vélarafli (e. *power-back*) eða akstur.
- 6) Aðskotahlutur á athafnasvæði flugvallar, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 7) Farþegar eða einstaklingar á hlaði án eftirlits.
- 8) Eldur, reykur, sprengingar í flugvallarvirkjum, í nágrenni flugvallarins og í flugvallarbúnaði sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 9) Atvik sem tengjast öryggi flugvallar (t.d. ólögleg koma, skemmdarverk, sprengjuhótun).

2.2. Skerðing eða algjört tap á þjónustu eða starfsemi

- 1) Rof eða brestur í fjarskiptum við loftfar, ökutæki, flugumferðarþjónustudeild eða hlaðstjórnunarþjónustudeild.
- 2) Veruleg bilun, ólag eða galli í flugvallarbúnaði eða -kerfi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu eða farþegum þess í hættu.
- 3) Verulegir anmarkar á lýsingu, merkingum eða skiltum á flugvelli.

⁽¹⁰⁾ Ökutæki telst vera hindrun.

2.3. Sérstök atvik sem tengjast flugafgreiðslu

- 1) Röng meðhöndlun eða niðurskipan farþega og hleðsla farangurs, pósts eða farms sem líklegt er að hafi umtalsverð áhrif á þyngd og/eða jafnvægi loftfars (þ.m.t. skekkjur í útreikningum í hleðsluskrá).
- 2) Búnaður til borðgöngu fjarlægður, sem leiðir til þess að farþegum loftfars er stofnað í hættu.
- 3) Rangur frágangur og festing farangurs, pósts og farms, sem líklegt er að geti á einhvern hátt stofnað loftfarinu, búnaði þess eða þeim sem eru um borð í hættu eða torveldað neyðarrýmingu.
- 4) Flutningar, tilraun til flutnings eða meðhöndlun hættulegs farms, sem hefur eða gæti hafa stofnað öryggi við starfrækslu í hættu eða leitt til ótryggra skilyrða (t.d. flugatvika sem tengjast hættulegum varningi, eins og það er skilgreint í tæknilegum fyrirmælum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (11)).
- 5) Ekki farið að ákvæðum um verklag um tengsl milli farangurs og farþega.
- 6) Ekki farið að skyldubundnum verklagsreglum um flugafgreiðslu og þjónustu við loftför, sérstaklega varðandi afþingingu, eldsneytistöku eða hleðslu, þ.m.t. röng staðsetning eða búnaður fjarlægður á rangan hátt.
- 7) Umtalsverður leki við áfyllingu eldsneytis.
- 8) Ekki er fyllt á rétt magn eldsneytis en líklegt er að það hafi umtalsverð áhrif á þol, afkastagetu og jafnvægi loftfars og styrkleika burðarvirkis.
- 9) Áfylling mengaðrar eða rangrar eldsneytistegundar eða annarra mikilvægra vökva (þ.m.t. súrefnis, köfnunarefnis, olíu og drykkjarhæfs vatns).
- 10) Bilun, ólag eða galli í búnaði á jörðu niðri, sem er notaður til flugafgreiðslu, sem hefur í för með sér skemmdir eða hefur mögulega í för með sér skemmdir á loftfarinu (t.d. dráttarstöng eða aflstöð á jörðu niðri).
- 11) Afþinging/ísingarvörn ekki til staðar, röng eða ófullnægjandi.
- 12) Tjón á loftfari af völdum búnaðar eða ökutækis sem notað er í tengslum við afgreiðslu loftfars á jörðu niðri, þ.m.t. tjón sem ekki hefur verið tilkynnt um áður.
- 13) Öll atvik þar sem mannleg geta hefur stuðlað beint að eða gæti hafa stuðlað að slysi eða alvarlegu flugatviki.

(1) Tæknileg fyrirmæli um öruggan flutning á hættulegum varningi flugleiðis (skjal Alþjóðaflugmálastofnunarinnar nr. 9284).

V. VIÐAUKI

ATVIK SEM TENGJAST LOFTFÖRUM, ÖÐRUM EN FLÓKNUM, VÉLKNÚNUM LOFTFÖRUM, Þ.M.T. SVIFFLUGUM OG FARARTÆKJUM SEM ERU LÉTTARI EN ANDRÚMSLOFTIÐ

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „loftför önnur en flókin, vélknúin loftför“: öll loftför önnur en þau sem skilgreind eru í j-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,
- b) „sviffluga“: eins og skilgreint er í 117. mgr. 2. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 ⁽¹²⁾,
- c) „farartæki, léttara en andrúmsloftið“: eins og skilgreint er í lið ML10 í hlutanum „Skilgreiningar hugtaka sem notuð eru í þessari skrá“ í viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB ⁽¹³⁾.

1. LOFTFÖR, ÖNNUR EN FLÓKIN, VÉLKNÚIN LOFTFÖR, AÐ UNÐANSKILDUM SVIFFLUGUM OG FARARTÆKJUM SEM ERU LÉTTARI EN ANDRÚMSLOFTIÐ

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna um atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

1.1. Flugrekstur

- 1) Loftfarið verður óviljandi stjórnlaust.
- 2) Lending utan fyrirhugaðs landingarsvæðis.
- 3) Ekki reynist unnt eða það mistekst að ná tilskildum afköstum loftfars, sem gert er ráð fyrir við venjuleg skilyrði við flugtak, klifur eða landingu.
- 4) Brautarátroðningur.
- 5) Farið er út fyrir flugbraut.
- 6) Öll flug sem farið hafa fram með loftfari sem var ekki lofhæft eða sem undirbúningur flugs var ekki lokið fyrir, sem hafa eða gætu hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 7) Loftfar sem er ekki vottað til að fljúga samkvæmt blindflugsgreglum flýgur óviljandi við blindflugsskilyrði eða flugmaður hefur ekki réttindi til að fljúga blindflug, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 8) Óviljandi losun farms ⁽¹⁴⁾.

1.2. Tæknileg atvik

- 1) Óeðlilega mikill titringur (t.d. sláttur í hallastýri eða hæðarstýri eða í loftskráfu).
- 2) Öll stýrakerfi sem virka ekki rétt eða eru aftengd.
- 3) Bilun í eða umtalsverðar skemmdir á burðarvirki loftfars.
- 4) Hlutar af burðarvirki eða búnaði loftfars tapast í flugi.

⁽¹²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 923/2012 frá 26. september 2012 um sameiginlegar flugreglur og rekstrarákvæði varðandi þjónustu og verklagsreglur fyrir flugleiðsögu og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1035/2011 og reglugerðum (EB) nr. 1265/2007, (EB) nr. 1794/2006, (EB) nr. 730/2006, (EB) nr. 1033/2006 og (ESB) nr. 255/2010 (Stjtið. ESB L 281, 13.10.2012, bls. 1).

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Þessi liður gildir aðeins um rekstur í ábataskyni í skilningi i-liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

- 5) Bilun í hreyfli, þyrli, loftskrófu, eldsneytiskerfi eða öðrum mikilvægum kerfum.
- 6) Leki vökva sem hefur í för með sér eldhættu eða mögulega, hættulega mengun í burðarvirki, kerfum eða búnaði loftfarsins eða fyrir þá sem eru um borð í loftfarinu.

1.3. Samskipti við flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar

- 1) Samskipti við flugleiðsöguþjónustu (t.d.: röng þjónusta er veitt, misvisandi fjarskipti eða frávik frá heimild), sem hafa eða gætu hafa stofnað loftfari, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Loftrýmisátroðningur.

1.4. Neyðarástand og aðrar hættulegar aðstæður

- 1) Atvik sem hefur í för með sér að lýst er yfir neyðarástandi með neyðarkalli.
- 2) Eldur, sprenging, reykur, eittraðar gastegundir eða eittraðar lofttegundir í loftfarinu.
- 3) Flugmaður verður óstarfhæfur þannig að hann getur ekki innt af hendi skyldur sínar.

1.5. Ytra umhverfi og veður

- 1) Árekstur á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ⁽¹⁵⁾.
- 2) Hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við annað loftfar, jörð eða hindrun ⁽¹⁵⁾, sem krefst neyðarflugbragðs til að forðast árekstur.
- 3) Árekstur við villtar lífverur, þ.m.t. fugla, sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að mikilvæg þjónusta tapast eða raskast.
- 4) Loftfarið truflað með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.
- 5) Elding sem veldur tjóni á loftfarinu eða því að virkni loftfars tapast.
- 6) Flugatvik í mikilli ókyrrð, sem leiðir til þess að þeir sem eru um borð í loftfarinu verða fyrir áverkum eða þegar talið er nauðsynlegt að skoða loftfar eftir slíkt flug.
- 7) Ísing, þ.m.t. ísing á blöndungi, sem hefur eða gæti hafa stofnað loftfarinu, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

2. SVIFFLUGUR

Athugasemd: Þessi hluti er skipulagður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningar um þessi atvik. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna um atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

2.1. Flugrekstur

- 1) Loftfarið verður óviljandi stjórnlaut.
- 2) Atvik þar sem flugmaður svifflogu gat ekki losað vindukapalinn eða flugdráttartaugina og varð að gera það með því að beita verklagsreglum í neyðartilvikum.
- 3) Losun vindukapals eða flugdráttartaugar, ef losun hefur eða gæti hafa stofnað svifflogu, farþegum hennar eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 4) Hreyfilbilun í flugtaki, ef um er að ræða vélsvifflogu.
- 5) Öll flug sem farið hafa fram með svifflogu sem var ekki lofthæf eða sem undirbúningi flugs var ekki lokið fyrir, sem hafa eða gætu hafa stofnað svifflogu, farþegum hennar eða öðrum einstaklingum í hættu.

⁽¹⁵⁾ Ökutæki telst vera hindrun.

2.2. Tæknileg atvik

- 1) Óeðlilega mikill titringur (t.d. sláttur í hallastýri eða hæðarstýri eða í loftskráfu).
- 2) Öll stýrakerfi sem virka ekki rétt eða eru aftengd.
- 3) Bilun í eða umtalsverðar skemmdir á burðarvirki svifflogu.
- 4) Hlutar af burðarvirki eða búnaði svifflogu tapast í flugi.

2.3. Samskipti við flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar

- 1) Samskipti við flugleiðsöguþjónustu (t.d. röng þjónusta er veitt, misvísandi fjarskipti eða frávik frá heimild), sem hafa eða gætu hafa stofnað svifflogu, farþegum hennar eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Loftrýmisátroðningur.

2.4. Neyðarástand og aðrar hættulegar aðstæður

- 1) Atvik sem hefur í för með sér að lýst er yfir neyðarástandi með neyðarkalli.
- 2) Aðstæður þar sem ekkert öruggt landingarsvæði er tiltækt.
- 3) Eldur, sprenging, reykur, eittraðar gastegundir eða eittraðar lofttegundir í sviffflugunni.
- 4) Flugmaður verður óstarfhæfur þannig að hann getur ekki innt af hendi skyldur sínar.

2.5. Ytra umhverfi og veður

- 1) Árekstur á jörðu niðri eða í lofti, við loftfar, jörð eða hindrun ⁽¹⁶⁾.
- 2) Hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við loftfar, jörð eða hindrun ⁽¹⁶⁾, sem krefst neyðarflugbragðs til að forðast árekstur.
- 3) Sviffflugan trufluð með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öflugum ljósum, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.
- 4) Elding sem veldur tjóni á sviffflugunni.

3. FARARTÆKI, LÉTTARI EN ANDRÚMSLOFTIÐ (LOFTBELGIR OG LOFTSKIP)

Athugasemd: Þessi hluti er uppbyggður þannig að viðeigandi atvik eru tengd þeim flokkum aðgerða þar sem þau koma yfirleitt í ljós, samkvæmt reynslu, til að auðvelda tilkynningu þessara atvika. Þó skal ekki skilja þessa framsetningu sem svo að ekki eigi að tilkynna um atvik ef þau eiga sér stað utan þeirrar starfsemi sem þau tengjast í skránni.

3.1. Flugrekstur

- 1) Öll flug sem farið hafa fram með farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, sem var ekki lofthæft eða sem undirbúningi flugs var ekki lokið fyrir, sem hafa eða gætu hafa stofnað farartækinu, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Óviljandi slökkt varanlega á gaumljósi.

3.2. Tæknileg atvik

- 1) Bilun í einhverjum eftirfarandi hlutum eða stjórnækjum: röri sem stungið er ofan í eldsneytishylkið, stýrstrissu á belgnum, stýrilínu, festireipi, leka frá ventli í brennara, leka frá ventli í eldsneytishylki, karabínunum, skemmd á eldsneytisleiðslu, burðargassventli, belgnum eða loftpokanum, blásaranum, þrýstiöryggislokanum (gasloftbelgnum), vindu (tjóðruðum gasloftbelgnum).
- 2) Umtalsverður leki eða tap á burðargasi (t.d. grop, burðargassventill ekki á sínum stað).

⁽¹⁶⁾ Ökutæki telst vera hindrun.

3.3. Samskipti við flugleiðsöguþjónustu og rekstrarstjórnun flugumferðar

- 1) Samskipti við flugleiðsöguþjónustu (t.d. röng þjónusta er veitt, misvísandi fjarskipti eða frávik frá heimild), sem hafa eða gætu hafa stofnað farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Loftrýmisátroðningur.

3.4. Neyðarástand og aðrar hættulegar aðstæður

- 1) Atvik sem hefur í för með sér að lýst er yfir neyðarástandi með neyðarkalli.
- 2) Eldur, sprenging, reykur eða eittraðar lofttegundir í farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið (meira en er eðlilegt við venjulega notkun brennarans).
- 3) Farþegar farartækis, sem er léttara en andrúmsloftið, kastast úr körfu eða kláfi.
- 4) Flugmaður verður óstarfhæfur þannig að hann getur ekki innt af hendi skyldur sínar.
- 5) Starfsfólk á jörðu niðri lyftist upp eða dregst af slysi, sem hefur í för með sér dauðsfall eða áverka einstaklings.

3.5. Ytra umhverfi og veður

- 1) Árekstur eða hætta á árekstri á jörðu niðri eða í lofti, við loftfar, jörð eða hindrun (17), sem hefur eða gæti hafa stofnað farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.
- 2) Farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, truflað með skotvopnum, flugeldum, flugdrekum, lýsingu frá leysigeisla, öfluglu ljósi, leysigeisla, fjarstýrðum loftfarskerfum, líkani af loftfari eða sambærilegum aðferðum.
- 3) Óvænt óhagstæð veðurskilyrði, sem hafa eða gætu hafa stofnað farartæki, sem er léttara en andrúmsloftið, farþegum þess eða öðrum einstaklingum í hættu.

(17) Ökutæki telst vera hindrun.